Nr. 59.
26. okt.

Lög

um

dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrst um sinn og meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, þannig að lífsnauðsynjar lækki í verði, veitir landssjóður dýrtíðaruppbót á launum og eftirlaunum, eftir því sem segir í lögum þessum.

Dýrtíðaruppbót veitist með þeim undantekningum, sem greinir í lögum þessum:

1. Embættismönnum landsins, hvort sem þeir eru konunglegir embættismenn eða skipaðir af ráðherra, og veitist að eins af föstum launum þeirra, greiddum úr landssjóði, sbr. þó 4. tölulið.
2. Þeim, er eftirlauna eða styrktarfjár njóta samkvæmt eftirlaunalögum eða fjárlögum (18. gr.), svo og þeim, er biðlaun hafa.

   Dýrtíðaruppbót af eftirlaunum og styrktarfje veitist að eins af þeirri upphæð, sem greidd er úr landssjóði.
3. Sýslunarmönnum landsins, sem störf hafa í þarfir landsins að aðalatvinnuvegi. Hafi þeir fleiri störf en eitt á hendi í landsins þarfir, greiðist dýrtíðaruppbótin að eins af launum fyrir það starfið, sem telja má aðalstarf sýslunarmannsins.
4. Prestum, hvort sem þeir njóta launa samkvæmt lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 49, 11. júlí 1911, eða eldri lögum. Nær dýrtíðaruppbótin að eins til fastra launa, sem greidd eru úr landssjóði eða prestlaunasjóði, og sóknargjalda presta eftir eldri lögum. Þó skal jafnan draga frá dýrtíðaruppbót presta, sem hafa ábúð á kirkjujörð og afgjald hennar er metið til fasts peningagjalds upp í laun þeirra, sama hundraðshluta af afgjaldinu eins og dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir.
5. Landsfjehirði og starfsmönnum hans og skrifstofustjóra Alþingis, svo og öllum starfsmönnum Landsbókasafnsins. Svo heimilast og stjórn Landsbankans að greiða bókara og fjehirði bankans dýrtíðaruppbót eftir lögum þessum.
6. Öllum föstum kennurum við fasta skóla, jafnvel þótt þeir falli eigi undir neinn hinna framantöldu flokka, ef kensla verður að teljast aðalstarf þeirra, svo og stundakennurum landsskólanna.

   Dýrtíðaruppbót veitist eigi á árslaun yfir 4600 kr.

   Einhleypir menn, sem ekki hafa dúk og disk, fá enga dýrtíðaruppbót, ef árslaun þeirra nema 2450 kr. á ári eða meiru. Ef laun þeirra eru lægri, fá þeir tvo þriðju dýrtíðaruppbótar þeirrar, er ræðir um í 2. gr.

   Þeir, sem hafa laun frá 2000 kr. til 2450 kr. á ári, fá dýrtíðaruppbót þannig, að launin og uppbótin samanlögð verði 2450 kr.

2. gr.

Dýrtíðaruppbótin reiknast af launaupphæðinni, eftir því sem hjer segir:

1.	Af árslaunum	1500 kr.	eða minna	40 %
2.	—	— 2300	—	30 %
3.	—	— 3100	—	20 %
4.	—	— 3900	—	10 %
5.	—	— 4700	—	0 %

og skal reikna millibilið á milli þessara launahæða eftir líkingunni:

$$y = 5\frac{47 \div x}{4}$$

þar sem y táknar uppbótarprósentuna og x launaupphæðina í hundruðum króna.

3. gr.

Nú hefir sá, er nýtur dýrtíðaruppbótar samkv. 1. og 2. gr., börn eða foreldri á skylduframfæri, enda geta eigi slíkir framfæringar hans unnið að fullu fyrir framfæri sínu, og skal þá bæta við dýrtíðaruppbót hans 70 kr. fyrir hvern framfæring, hafi framfærslumaður ekki 4000 kr. í árslaun eða þar yfir.

4. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að verja eftir tillögum póstmeistara alt að 20000 kr. á ári úr landssjóði til dýrtíðaruppbótar handa póstum.

5. gr.

Dýrtíðaruppbótin greiðist í einu eða tvennu lagi fyrir árið 1917, að frá dreginni þeirri dýrtíðaruppbót, sem greidd hefir verið það ár samkvæmt lögum nr. 23, 3. nóv. 1915.

Ef dýrtíðaruppbót verður greidd lengur en fyrir árið 1917, greiðist hún eftir á fyrir hverja 6 mánuði.

6. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar um öll vafaatriði út af lögum þessum, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi lög nr. 23, 3. nóv. 1915, um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.